

BYGGINGARLÝSING :

Íbúðir og innra skipulag.

Húsið er á þremur hæðum og í því eru sautján íbúðir alls. Tvö stigahús eru í húsinu. Níu íbúðir hafa aðgang úr stigahúsinu vestan megin í húsinu en en átta íbúðir úr stigahúsinu austan megin.

Lóðin við Drekaelli 22 er sameign allra íbúðanna. Íbúðir á fyrstu hæð hafa einkaafnotarétt af svæðinu fyrir utan viðkomandi íbúð og er stærð þess nánar tilgreind á grunnmynd.

Byggingarefni og einangrun.

Sökkjar eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun. Botnplata er staðsteypt ofan á 75 mm plasteinangrun. Staðsteyptir útveggir eru einangraðir að utanverðu með 100 mm steinnull og klæddir með sléttri álklaðningu, panelum og láréttri bárustálsklæðningu. Þakið er flatt, einangrað á staðsteypta plötu. Vatnshalli er steyptur í plötu. Undir einangrun er heilbræddur tjörupappi. Einangrun er 150 mm Roofmate. Ofan á einangrun er sjávarmöl.

Einangrunargildi: Gólf á fyllingu: 0,3 W/m²K
 Þak: 0,2 W/m²K
 Útveggir: 0,4 W/m²K
 Gluggar og hurðir: 2,0 W/m²K
 Vegið meðaltal útveggja, glugga og hurða: 0,78 W/m²K

Litir eiga að vera í ljósum tónum, gráir og grænleitir, þannig að húsið falli vel að umhverfi sínu.

Svalir og skjólveggir.

Svalir og þak yfir svölum eru forsteyptar. Súlur og skjólveggur eru staðsteyptir og haldá sinum steyppulit. Handrið á svölum er úr stáli, galvanhúðað, klætt með sléttum plötum.

Innveggir eru ýmist byggðir upp með stálgrind og gipsklæddir eða hlaðnir og múrhúðaðir.

Lagnir og loftræsing.

Loftræsing er frá öllum lokuðum, gluggalausum rýmum. Gólfniðurföll eru í öllum votrymum, staðsett á teikningum í mkv.1:50. Lóðréttar lagnaleiðir eru almennt í stokkum bak við salerni.

Brunavarnir. Veggir milli íbúða E190 (staðsteyptir). Hurðir úr stigahúsi inn í íbúðir eru EICS 30. Klæðningar innanhúss eru amk. í flokki 2. Fjarlægð milli óvarinna glugga tveggja íbúða er amk. 1,2 m.

Lóð og bílastæði.

Stærð lóðar er 2.598 m². Heildarföldi bílastæða hússins eru 28. Gert er ráð fyrir að stærri íbúðirnar fái úthlutað tveimur bílastæðum en þær minni einu bílastæði. Þar af er eitt bílastæði sérmerkt fyrir hreyfihamlaða. Lóð er hönnuð af Landslagi ehf.

Sorp.

Sorptunnuskýli er staðsett norðan við húsið, mitt á milli inngangana tveggja og bílastæðisins, með pláss fyrir sex stóra sorpgáma (73x110 cm). Sorptunnuskýlið er með steinsteypta plötu og trégrind sem klætt er að utan með láréttri báruklaðningu.

Gert er ráð fyrir leiksvæði barna vestan við húsið.


Athugasemdir og kvaðir.

Kvaðir eru um gróður norðan við húsið við lóðamörkin, einnig göngustíg norðan megin þar sem að aðkoman við húsið er.


Þakniðurföll og niðurföll í bílaplani ákvarðist í samráði við arkitekt.

KENNISTÆRÐIR :

1. hæð	545,8 m²	1.533,9 m³
2. hæð	541,4 m²	1.533,9 m³
3. hæð	541,4 m²	1.645,5 m³
Samt.	1.628,6 m²	4.713,1 m³
Nýtingarhlutfall lóðar		0,63



C	HP	PG	10.11.2005
B	HP	PG	10.07.2004
A	HP	PG	12.07.2004



ASK Arkitektar
 Skógarhló 18
 101 Reykjavík
 Sími 515 0300
 Fax 515 0319
 www.arkitektar.is

DREKAPELLIR 22, HAFNARFIRÐI	
ADALTEIKNING	
HEITI TEIKNINGAR / DRAWING NAME	ARKV. I AZ
AFSTÖÐUMYND OG BYGGINGARLÝSING	1:500
VEIRK NR. (ASK)	TEIKNAD HP/PG
0430	09.06.2004
NÚMÉR TEIKNINGAR	ÚTGÁFA
10-01 1 af 8	C